Reykjavíkurborg
skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Reykjavík, 19. mars 2018
R17050041
100

Dómsmálaráðuneytið

Sölvhólsötu 7
101 REYKJAVÍK

Umsögn um frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga

Vísað er til tilkynningar á vefsíðu ráðuneytisins, dags. 9. mars 2018, þar sem óskað er eftir umsögnum um drög að frumvarpi til laga um um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Af hálfu Reykjavíkurborgar verður tekið undir þær athugasemdir sem fram hafa komið í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga (SÍS) með bréfi til dómsmálaráðuneytis, dags. 19. mars 2018.

Af hálfu Reykjavíkurborgar er því fagnað að íslensk stjórnvöld hafi valdið að fara þá leið að endurskoða núgildandi lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga með nýrri heildarlöggjöf. Nú liggur hins vegar svo fyrir að lítið samráð hefur verið haft við hagsmunahópa og þá lögaðila sem munu koma til með að verða fyrir umtalsverðum áhrifum af nýju lagaumhverfi. Af hálfu Reykjavíkurborgar er því tekið undir þær athugasemdir SÍS í umsögn sambandsins að óheppilegt sé að lagafrumvarpið liggi ekki fyrir fullunnið rúmum tveimur mánuðum fyrir fyrirhugaða gildistöku laganna. Þá eru sérstakar athugasemdir greinargerðar við ákvæði lagafrumvarpsins að sama skapi ófullbúnar. Af þeim sökum er að svo stöddu örðugt að greina til fulls ástæður og röksemdir að baki þeim efnisreglum sem fram koma í frumvarpi, sem og fullt samhengi ákvæðanna við önnur ákvæði í lagabálknum. Að svo búnu telur Reykjavíkurborg því órauhæft að gera ráð fyrir að lögin geti tekið gildi þann 25. maí nk., ekki síst með hliðsjón af fyrirhugaðri þinglegri meðferð málsins.

Í ljósi þeirra veigamiklu réttinda sem lagafrumvarpi þessu er ætlað að standa vörð um er að mati Reykjavíkurborgar full ástæða til að íhuga hvort rétt sé að bíða með þinglega meðferð málsins áður en formleg upptaka reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 í EES-samninginn á sér stað. Líkt og bent hefur verið á í umsögn SÍS kallar þó umfang lagasetningarinnar á víðfemt kynningarstarf og gerð leiðbeininga af hálfu Persónuverndar sem brýnt er að sinna áfram til fulls uns beðið er gildistöku laga.

Í kafla 5.4. almennra athugasemda í greinargerð sem nú fylgir frumvarpsdrögum er að finna umfjöllun um það hvernig íslenska ríkið hyggst nýta það svigrúm sem persónuverndarreglugerðin veitir, að því er varðar setningu sérreglna, útfærslna eða frávikningu frá einstökum ákvæðum hennar. Á þessu stigi hefur ekki verið greint frá röksemdum sem búa að baki nýtingu svigrúms í einstökum ákvæðum frumvarpsdraga, til að mynda um aldur barns (13 ár), sem og vegna álagningar stjórnvaldssekta, svo dæmi séu tekin. Af hálfu Reykjavíkurborgar verður tekið undir athugasemdir SÍS þess efnis að brýnt sé að gera til fulls grein fyrir þeim ástæðum sem liggja að baki nýtingu svigrúms þess sem reglugerðin veitir.

Af hálfu Reykjavíkurborgar þykir full ástæða til að gera athugasemdir við orðalag 40. gr. frumvarpsdraga þar sem gert er ráð fyrir opinni gjaldtökuheimild Persónuverndar gagnvart ábyrgðaraðilum vegna greiðslu kostnaðar sem hlýst af stjórnsýslueftirliti. Tekur Reykjavíkurborg undir athugasemdir SÍS að þessu leyti. Réttara væri að skilyrða gjaldtökuheimild þessa með ítarlegri hætti, auk þess sem jafnframt þykir eðlilegt að slíkar útfærslur eigi sér stað með skýrum í lagatexta fremur en í stjórnvaldsfyrirmælum líkt og gert er ráð fyrir í frumvarpsdrögum.

Af hálfu Reykjavíkurborgar er lögð áhersla á mikilvægi þess að vel sé gert grein fyrir útfærslu

íslenskra stjórnvalda á innleiðingu stjórnvaldssekta, sbr. 46. gr. frumvarpsdraga. Sé brýn þörf á annað borð talin vera fyrir ákvæði af þessu tagi í íslenskri löggjöf liggur beint við að minna á mikilvægi þess að ekki sé gengið lengra í álagningu stjórnvaldssekta en nauðsyn ber til. Fyrirliggjandi frumvarpsdrög bera ekki með sér að slíkt hagsmunamat hafi verið framkvæmt með ítarlegum hætti og á skortir að sérstaklega sé gert grein fyrir útfærslu á nýtingu svigrúmsins í landslögum, ekki síst með tilliti til skýrleika refsiákvæða. Þá þykir af hálfu Reykjavíkurborgar full ástæða til að taka undir sjónarmið SÍS í umsögn sambandsins frá 19. mars um að kanna þann möguleika til fulls hvort rétt sé að gera greinarmun á opinberum aðilum annars vegar og þeim sem starfa á markaðsforsendum hins vegar með tilliti til fjárhæðar sekta. Ljóst er að slíkir aðilar starfa á gerólíkum forsendum en stjórnvöld á borð við sveitarfélög sem sinna lögbundinni þjónustu.

Að svo komnu hefur Reykjavíkurborg ekki frekari athugasemdir við fyrirliggjandi frumvarpsdrög en þær sem einnig hefur verið komið á framfæri fyrir hönd SÍS, en rétt er að geta þess að afar skammur tími hefur verið gefinn af hálfu dómsmálaráðuneytis til að veita umsagnir á þessu stigi málsins. Áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að koma frekari athugasemdum sínum á framfæri síðar ef þurfa þykir.

Fyrir hönd Reykjavíkurborgar,

dagbjörthakonardottir

Dagbjört Hákonardóttir